REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 63/1999, um greiðslu barnabóta með síðari breytingum.

1. gr.

Við 7. gr. reglugerðinnar bætist ný málsgrein, 2. mgr. sem orðast svo:

Sköttum og gjöldum sem eru til innheimtu hér á landi á grundvelli Norðurlandasamnings um aðstoð í skattamálum, dags. 7. desember 1989, sbr. lög nr. 46/1990 og milliríkjasamnings Evrópuráðsins og OECD um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum, dags. 25. janúar 1988, sbr. lög nr. 74/1996, skal skipað í framangreinda forgangsröð samhliða sambærilegum sköttum og gjöldum.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í A-lið 69. gr. og 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 10. apríl 2003.

F. h. r.
Baldur Guðlaugsson.

Ragnheiður Snorradóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um greiðslu vaxtabóta nr. 990/2001, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 19. gr. reglugerðinnar bætist ný málsgrein, 3. mgr. sem orðast svo:

Sköttum og gjöldum sem eru til innheimtu hér á landi á grundvelli Norðurlandasamnings um aðstoð í skattamálum, dags. 7. desember 1989, sbr. lög nr. 46/1990 og milliríkjasamnings Evrópuráðsins og OECD um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum, dags. 25. janúar 1988, sbr. lög nr. 74/1996, skal skipað í framangreinda forgangsröð samhliða sambærilegum sköttum og gjöldum.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í B-lið 69. gr. og 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 10. apríl 2003.

F. h. r.
Baldur Guðlaugsson.

Ragnheiður Snorradóttir.